

Háskólaráð Landbúnaðarháskóla Íslands, fundur 4-2014

Tími: Þriðjudagur 8. júlí 2014, kl. 10:00, Fundarsalur Akur Ásgarði Hvanneyri

Mætt: Ágúst Sigurðsson rektor formaður, Helena Guttormsdóttir, Sigríður Hallgrímsdóttir, Hilmar Janusson (í síma), Bjarni Stefánsson (í síma). Halldóra Lóa Þorvaldsdóttir og Sigríður Embla Heiðmarsdóttir boðuðu forföll

1. Ráðning nýs rektors

Rektor greindi frá fundi sem hann átti með mennta- og menningarmálaráðherra 26. júní sl. þar sem rædd voru málefni LbhÍ m.a. að skipunartími núverandi rektors rynni út í lok júlí og undirbúa þyrfti skipun á nýjum rektor.

Þessi staða var rædd og kom þar m.a. fram að lögfræðisvið mennta- og menningarmálaráðuneytis hefur farið vel yfir málið og staðfest að háskólaráð skuli nú undirbúa skipan nýs rektors. Háskólaráð samþykkti eftirfarandi ályktun:

„Skipunartíma núverandi rektors Landbúnaðarháskóla Íslands lýkur 31. júlí nk. Fyrir liggur að hann sækist ekki eftir endurráðningu á nýju skipunartímabili. Samkvæmt 1. mgr. 8. gr. laga um opinbera háskóla, nr. 85/2008, ber háskólaráði við þessar aðstæður að undirbúa tilnefningu nýs rektors.

Í ljósi þessa leggur háskólaráð Landbúnaðarháskóla Íslands til við mennta- og menningarmálaráðherra að Dr. Björn Þorsteinsson aðstoðarrektor kennslumála verði með heimild í 24. gr. laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, nr. 70/1996, settur í embætti rektors til 31. desember nk. Háskólaráðið mun þegar hefja undirbúning að tilnefningu nýs rektors Landbúnaðarháskóla Íslands sem ráðherra skipar til fimm ára frá og með 1. janúar 2015. Háskólaráð hefur ákveðið að starfið verði auglýst opinberlega.

Háskólaráð hefur skipað sérstaka undirbúningsnefnd sem í sitja Sigríður Hallgrímsdóttir, Bjarni Stefánsson og Hilmar Janusson sem mun undirbúa ráðningarferlið. Gert er ráð fyrir að auglýsa starfið í byrjun september. Stefnt er að því að niðurstaða um ráðningu nýs rektors liggja fyrir í desember“

Rektor falið að senda mennta- og menningarmálaráðherra þessa niðurstöðu háskólaráðs. Jafnframt var ákveðið að birta upplýsingar um þessa skipan mála á heimasíðu skólans sem fyrst.

2. Önnur mál

Borist hefur staðfesting frá ráðuneyti mennta- og menningarmála um að skila eigi inn uppfærðri rekstraráætlun sem geri ráð fyrir 10 m. króna afgangi á rekstri ársins 2014. Unnið er að því að koma henni saman og skila inn svo fljótt sem auðið er.

Þar sem þetta er síðasti fundur núverandi rektors með háskólaráði vildu ráðsmenn koma á framfæri þakklæti til Ágústs Sigurðssonar fyrir störf hans í þágu Landbúnaðarháskóla Íslands.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 11:40